

**Ed.**

**386. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um jarðamat.

Vjer undirritaðir, er hin háttvirta efri deild hefir kosið til að ihuga nefnt frumvarp, höfum rætt það á fundum og leyfum oss hjer með að skýra frá áliti voru um það á þessa leið.

Jarðamat hefir aðallega verið hugsað um að gera af nýju, sem undirstöðu undir nýrri skattaálögu, en hvort menn að svo stöddu hafa mikinn hug á því er oss ókunnugt um; með tilliti til þess getur svo virst sem mál þetta mætti biða að sinni, en framkvæmd málsins tekur langan tíma og yrði innan fárra ára farið að hugsa fyrir alvöru um að leggja nýjan skatt á fasteignir hjer á landi, þá væri mikilsvert ef ekki nauðsynlegt, að menn hefðu ljósa hugmynd um verðmæti þess, er skatturinn ætti að leggjast á. En það má einnig líta á málið frá annari hlið; í hagfræðilegu tilliti er það mjög svo fróðlegt, að hafa ábyggilega þekkingu um það, hvers virði fasteignirnar í landinu eru, og fyrir allar lánsstofnanir landsins væri það sjerlega mikilsvert, að hafa fyrir sjer mat á fasteignum, gert á stórum svæðum af sömu mönnum, því þá mætti treysta því að samræmi

væri í matinu, því fremur sem það að öðru leyti væri tryggilegra en mat manna, sem til nefndir eru sitt í hvert sinn.

Af þessum ástæðum viljum vjer leggja það til, að háttvirt efri deild láti málið ganga fram með þeim breytingum, er vjer leggjum til að gerðar verði á frumvarpinu.

Jarðir er nokkuð óákveðið hugtak og ýmsar þeirra hafa á síðari árum skifst niður í smábletti og húsalóðir, og þar sem sjálfsagt er að meta jarðarhúsin með jörðunum, þá þykir oss ástæða til að gera frumvarpið svo yfirgripsmikið að það nái til allra fasteigna í landinu; í sambandi við þessa breytingu standa fjölda margar orðabreytingar á frumvarpinu, sem og breytingartillagan við 4. gr. og hin nýja 5. gr.

Nú liggur á fasteignum hjer á landi ábúðarskattur og húsaskattur; hin nýja 8. gr., er vjer leggjum til að bætt verði við, snertir það hvernig skatta þessa skuli heimta eftir hinu nýja mati.

Tími sá, sem ætlaður er til matsins í frumvarpinu, ætlum vjer að sje alt of stuttur í fyrsta sinn og leggjum því til að hann sje lengdur að mun; með því höfum vjer líka fyrir augum að dreifa kostnaðinum á fleiri ár, svo að hann fellur eftir tillögum vorum á öll árin 1916--1919 og jafnvel fram á árið 1920. Þótt kostnaðurinn við matið hljóti að verða töluverður, þá verður hann landssjóði síður tilfinnanlegur, er hann dreifist þannig á 4—5 ár.

Aðrar breytingartillögur vorar bera að ætlun vorri sjálfar með sjer, hvernig á þeim stendur.

Efri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

Eiríkur Briem, Jón Þorkelsson, Guðm. Ólafsson.  
form. og framsm. skrifari.